

**Sþ.**                                    **145. Tillaga til þingsályktunar**                                    **[99. mál]**  
um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson,  
Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson,  
Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd hlutbundinni kosningu til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu.

Nefndin skal gera tillögur að nýrri löggjöf í þessum efnum, er m. a. hafi það markmið:

að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hvernar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, tvo þriðju hluta af byggingarkostnaði;

að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns, miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr;

að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota;

að lækka byggingarkostnaðinn í landinu;

að bæjar- og sveitarfélög byggi íbúðir til að leigja húsnæðislausu fólki.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### Greinargerð.

Allir þurfa á húsnæði að halda, engu síður en fæði og klæði. Siðferðileg skylda ríkisvaldsins til að auðvelda mönnum að eignast þak yfir höfuðið er engu minni en að stuðla að nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti.

Það verður jafnan eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirra, er stofna heimili, að reyna að eignast íbúð. Flestir eru ungir að árum, þegar þeir mynda eigið heimili, og fæstir þeirra eru miklum efnu búnir. Hins vegar kostar fjölskylduíbúð mikið fé, eins og nú er komið.

Meðalstærð íbúða, sem byggðar hafa verið í þéttbýli að undanfögnu, mun vera um 375 rúmmetrar, en að sjálfsögðu nokkru meiri í sveitum. Slík íbúð kostaði í júnímánuði s. l. um 762 þús. kr. samkvæmt skýrslum Hagstofunnar og hefur því hækkað í verði um 332 þús. kr. frá því í júní 1958, eða um 77% á 6 árum.

Á sama tíma hafa hámarkslán úr byggingarsjóði ríkisins hækkað aðeins um 50 þús. kr. á íbúð. Fyrir 6 árum þurfti sá maður, er byggði sér íbúð af fyrrnefndri stærð og fékk hámarkslán, að leggja fram úr eigin vasa til byggingarinnar 330 þús. kr. Nú þarf eigið framlag húsbyggjandans að vera um 612 þús. kr. miðað við hámarkslán, sömu stærð íbúðar og núverandi byggingarkostnað. Nærri má geta, hversu torvelt þetta er ungu og efnalítlu fólki.

Verðhækkanir á 375 rúmmetra íbúð hafa orðið frá ári til árs sem hér segir:

Júní 1958 til júní 1959	.....	29.7 þús. kr.
— 1959 — — 1960	.....	57.7 — —
— 1960 — — 1961	.....	14.7 — —
— 1961 — — 1962	.....	79.8 — —
— 1962 — — 1963	.....	27.9 — —
— 1963 — — 1964	.....	122.2 — —

Samtals 332.0 þús. kr.

Samkvæmt samningi verkalýðssamtakanna við atvinnurekendur og ríkisstjórn síðastliðið vor eru fyrirheit gefin um það, að hámarkslán til íbúðar skuli hækka úr 150 þús. kr. í 280 þús. kr. Þetta er 130 þús. kr. hækkun, og er hún góðra gjalda verð. En engri byltingu veldur hún, þegar þess er gætt, að af þessum 130 þús. kr. fara 122 þús. kr. til að greiða verðhækkun frá því í fyrra. Af þessu má sjá, að nauðsynlegt er að stórhækka enn lán til hvernar íbúðar.

Þá eru möguleikar manna til lánsfjáröflunar mjög misjafnir, en að því ber að stefna, að allir geti eignast húsnæði til eigin nota, og þurfa því heildarlán að vera svipuð til allra.

Hagkvæmt er að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús til eigin notkunar. Með því má hagnýta betur húsnæði, sem fyrir er, spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og koma í veg fyrir, að menn búi í óviðunandi íbúðum.

Í lögum nr. 42 frá 1957, um húsnæðismálastofnun o. fl., eru ýtarleg ákvæði um ráðstafanir til lækkunar á byggingarkostnaði. Því miður hefur Húsnæðismálastofnunin ekki haft fjárráð til að framkvæma þessi ákvæði laganna. Hér er þó um svo mikilsvert atriði að ræða, að óhjákvæmilegt er að framkvæma lögín að þessu leyti. Húsnæðiskostnaður manna er nú orðinn svo mikill, að um þjóðfélagsvandamál er að ræða. Þólr því enga bið, að leitazt sé við að ráða hér bót á.

Sífellr fjölgar þeim fjölskyldum, sem þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið, en geta það ekki vegna þeirrar gífurlegu hækkunar byggingarkostnaðar, sem orðið hefur á síðustu árum. Þessu fylgir það, að leiguíbúðir eru nú orðnar lítt fáanlegar. Verður því ekki hjá því komizt, að hið opinbera veiti bæjar- og sveitarfélögum aðstoð til að byggja íbúðir og leigja húsnæðislausu fólki.